# Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

# SAMANTEKT

**Febrúar 2020**

## SAMANTEKT

Samantektin er í fimm hlutum sem merktir eru með bókstöfunum A-E. Hver hluti samanstendur af upplýsingaliðum sem eru númeraðir frá A.1-E.7.

Samantektin er útbúin í samræmi við viðauka XXII við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004 með síðari breytingum. Samantektin inniheldur alla þá upplýsingaliði sem fram skulu koma í samantekt skv. fyrrgreindri reglugerð fyrir lýsingar sem unnar eru í samræmi við viðauka IV og V við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004, sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í lýsingu fyrir hluti. Númeraröð upplýsingaliðanna getur verið slitin, ástæða þess er að ekki er gerð krafa um birtingu ákveðinna upplýsingaliða í samantekt vegna lýsinga sem unnar eru í samræmi við viðauka IV og V.

Þrátt fyrir að samantektin skuli innihalda tiltekinn upplýsingalið þá er mögulegt að upplýsingaliðurinn eigi ekki við í tilviki útgefanda og þeirra verðbréfa sem lýsingin tekur til. Í því tilviki er sett inn í samantektina stutt lýsing á upplýsingaliðnum ásamt textanum „á ekki við".

## A. INNGANGUR OG VIÐVARANIR

| Liður | Upplýsingakrafa | Upplýsingar |
|---|---|---|
| A.1 | Fyrirvari | Samantekt þessa skal lesa sem inngang á lýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. (hér eftir „Lánasjóðurinn"). Fjárfestar skulu taka ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfum Lánasjóðsins á grundvelli upplýsinga í lýsingunni í heild sinni.<br>Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingunni gæti fjárfestirinn sem er stefnandi þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málarekstur hefst.<br>Einstaklingar sem útbúið hafa samantektina og sóttu um staðfestingu á samantektinni hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið), geta sætt einkaréttarábyrgð skv. almennum reglum þar að lútandi en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar til aðstoðar fjárfestum þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum. |
| A.2 | Samþykki fyrir notkun fjármálamilliliða á lýsingunni við síðari endursölu eða útboð | Lánasjóðurinn veitir samþykki sitt fyrir notkun fjármálamilliliða á lýsingunni við síðari endursölu eða útboð. |

## B. ÚTGEFANDI

| Liður | Upplýsingakrafa | Upplýsingar |
|---|---|---|
| B.1. | Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda. | Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. |
| B.2 | Lögheimili og skráningarstaður útgefandans og rekstrarform hans að lögum og löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt.. | Lögheimili útgefanda er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Ísland og skráningarstaður útgefanda er Reykjavík, Íslandi. Kennitala útgefanda er 580407-1100 og LEI númer er 2138002IF266ITSZ8939.<br>Lánasjóðurinn er opinbert hlutafélag í eigu sveitarfélaga á Íslandi samkvæmt lögum nr. 150/2006, og starfar eftir lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. |
| B.4b | Upplýsingar um þekkta þróun sem hefur áhrif á útgefandann og atvinnugreinarnar sem hann starfar í. | Útgefanda er ekki kunnugt um neina þróun sem hefur áhrif á útgefandann og atvinnugreinarnar sem hann starfar í. |
| B.5 | Samstæða | Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er ekki hluti af samstæðu. |
| B.9 | Afkomuspá eða –áætlun | Á ekki við. |
| B.10 | Fyrirvarar í endurskoðunarskýrslum | Á ekki við. |
| B.12 | Samandregnar fjárhagsupplýsingar | Samandregnar fjárhagsupplýsingar úr árshlutauppgjörum 30. júní 2019 og 30. júní 2018 og ársreikningum Lánasjóðsins fyrir árin 2017 og 2018. |
| **Rekstrarreikningur fyrstu 6 mánaða ársins 2019 með samanburði við sama tímabil árið 2018** | | |

| | Skýr. | 2019<br>1.1.-30.06. | 2018<br>1.1.-30.06. |
|---|---|---|---|
| **Hreinar vaxtatekjur** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 3.412.468.021 | 2.660.110.731 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (2.867.823.669) | (2.233.401.915) |
| **Hreinar vaxtatekjur samtals** | 5 | 544.644.352 | 426.708.816 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | | |
| Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði | 6 | 7.450.769 | 3.539.221 |
| Hreinn gjaldeyrismunur | 7 | 34.161.838 | (17.324.316) |
| Niðurfærsla útlána skv. IFRS 9 | 14 | (1.983.586) | (3.987.127) |
| **Aðrar rekstrartekjur samtals** | | 39.629.021 | (17.772.222) |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 584.273.373 | 408.936.594 |
| **Almennur rekstrarkostnaður** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 8 | 39.249.457 | 39.016.662 |
| Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu | 9 | 27.173.248 | 23.835.092 |
| Árgjöld og eftirlitsgjöld FME | | 6.236.000 | 6.066.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | 30.784.378 | 29.386.725 |
| Afskriftir | 17 | 597.814 | 597.814 |
| **Almennur rekstrarkostnaður samtals** | | 104.040.897 | 98.902.293 |
| **Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins** | | 480.232.476 | 310.034.301 |

## Rekstrarreikningur ársins 2018 með samanburði við árið 2017

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Hreinar vaxtatekjur** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 6.093.192.914 | 4.170.785.288 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (5.080.300.702) | (3.243.933.390) |
| **Hreinar vaxtatekjur samtals** | 5 | 1.012.892.212 | 926.851.898 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | | |
| Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði | 6 | 10.765.211 | 25.194.614 |
| Hreinn gjaldeyrismunur | 7 | 35.778.201 | 6.353.738 |
| Niðurfærsla útlána skv. IFRS 9 | 14 | (5.739.695) | 0 |
| **Aðrar rekstrartekjur samtals** | | 40.803.717 | 31.548.352 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 1.053.695.929 | 958.400.250 |
| **Almennur rekstrarkostnaður** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 8 | 83.900.826 | 81.785.293 |
| Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu | 9 | 46.376.025 | 42.683.953 |
| Árgjöld og eftirlitsgjöld FME | | 9.102.000 | 8.626.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | 55.867.311 | 50.285.666 |
| Afskriftir | 16 | 1.195.627 | 1.195.625 |
| **Almennur rekstrarkostnaður samtals** | | 196.441.789 | 184.576.537 |
| Tekjuf. v. krafna á gjaldþrota fjármálastofnanir | 15 | 0 | 3.367.203 |
| **Hagnaður ársins** | | 857.254.140 | 777.190.916 |

## Efnahagsreikningur fyrir árið 2018 með samanburði við 2017

| | Skýr. | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Föst bindiskylda í Seðlabanka | 12 | 134.053.425 | 0 |
| Innstæður í Seðlabanka | 12 | 5.909.586.101 | 11.805.975.970 |
| Kröfur á lánastofnanir | 13 | 270.592.249 | 291.007.716 |
| Útlán og kröfur | 14 | 99.050.833.829 | 73.566.191.839 |
| Rekstrarfjármunir | 16 | 41.846.960 | 43.042.587 |
| Aðrar eignir | | 745.427 | 1.051.995 |
| **Eignir samtals** | | 105.407.657.991 | 85.707.270.107 |
| **Skuldir** | | | |
| Verðbréfaútgáfa | 18 | 84.535.950.838 | 65.153.667.529 |
| Aðrar langtímalántökur | 19 | 2.425.613.017 | 2.573.720.421 |
| Skammtímalántökur | 20 | 452.800.586 | 435.837.610 |
| Lífeyrisskuldbinding | 21 | 77.835.529 | 76.064.578 |
| Aðrar skuldir | 22 | 3.870.665 | 9.462.191 |
| **Skuldir samtals** | | 87.496.070.635 | 68.248.752.329 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 5.000.000.000 | 5.000.000.000 |
| Bundinn varasjóður | | 1.250.000.000 | 1.250.000.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 11.661.587.356 | 11.208.517.778 |
| **Eigið fé samtals** | 23 | 17.911.587.356 | 17.458.517.778 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 105.407.657.991 | 85.707.270.107 |

Engar verulegar óæskilegar breytingar hafa átt sér stað á fjárhags- eða viðskiptastöðu Lánasjóðsins frá lokum síðasta fjárhagstímabils 30. júní 2019 fram til dagsetningar útgefandalýsingar þessarar. Engar verulega óæskilegar breytingar hafa orðið á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt. Ársreikningur Lánasjóðsins fyrir árið 2018 var endurskoðaður án athugasemda eða fyrirvara og var birtur opinberlega 5. mars 2019. Árshlutareikningur Lánasjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019 var kannaður án athugasemda og var birtur opinberlega 27. ágúst 2019. Endurskoðendur sjóðsins hafa ekki endurskoðað aðrar upplýsingar sem finna má í þessari útgefandalýsingu.

| | | |
|---|---|---|
| B.13 | Lýsing á hvers kyns atburðum sem hafa nýlega átt sér stað og skipta verulegu máli við mat á greiðslugetu útgefanda | Á ekki við. |
| B.14 | Upplýsingar um hvort útgefandi er háður öðrum aðilum innan samstæðunnar | Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er ekki hluti af samstæðu. |
| B.15 | Starfsemi | Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.<br>Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.<br>Jafnframt er það markmið sjóðsins að skapa öfluga samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og reyna þannig að hafa áhrif á kjör þau sem íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar.<br>Lánasjóðurinn er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Heildarnafnverð hlutafjár er 5.000.000.000 kr. |
| B.16 | Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða | Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu sveitarfélaga á Íslandi skv. lögum nr. 150/2006 en samkvæmt sömu lögum getur Lánasjóðurinn eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í þeirra eigu. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en |

| | | |
|---|---|---|
| | óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða | samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Lánasjóðurinn er ekki beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum annars aðila. Samkvæmt samþykktum Lánasjóðsins fylgja engin sérréttindi hlutum í félaginu. |
| B.17 | Lánshæfismat útgefanda eða skuldabréfa hans ef útgefandinn hefur farið fram á matið eða tekið þátt í matsferlinu | Á ekki við |

## C. VERÐBRÉF

| Liður | Upplýsingakrafa | Upplýsingar |
|---|---|---|
| C.1. | Tegund og flokkur verðbréfa sem boðin verða til sölu í útboðinu og óskað hefur verið eftir að tekin verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði | Verðbréfin sem boðin eru til sölu í útboðinu og óskað verður eftir að tekin verða til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. eru skuldabréf útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. í skuldabréfaflokki LSS040440 GB, ISIN nr. IS0000031664. |
| C.2 | Gjaldmiðill verðbréfanna | Íslenskar krónur. |
| C.5 | Framsal | Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila. Skuldabréfin eru rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð og þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. |
| C.8 | Lýsing á réttindum tengdum verðbréfunum þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum og forgangsröðun verðbréfanna | Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétthá og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda. Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum. |
| C.9 | Nafnvextir, fyrsti vaxtadagur, gjalddagar vaxta, upplýsingar um undirliggjandi þætti ef vextir eru ekki fastir, gjalddagi og fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram upplýsingar um ávöxtun og nafn þess aðila sem er í fyrirsvari fyrir skuldabréfaeigendur | LSS040440 GB eru verðtryggð skuldabréf með jöfnum afborgunum tengd við dagvísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 17. febrúar 2020 sem er 471,43333 stig.<br>Af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma greiðast 1,50% fastir verðtryggðir ársvextir, sem reiknast frá 17. febrúar 2020. Vaxtagjalddagar eru tvisvar á ári, 4. apríl og 4. október ár hvert og er fyrsti vaxtagjalddagi bréfsins þann 4. apríl 2020. Ef vaxtagreiðsludagar eru helgidagar eða annar frídagur færist greiðsla vaxta til næsta virka dags á eftir en vaxtatímabilið helst óbreytt.<br>Afborgun höfuðstóls fer fram tvisvar á ári, 4. apríl og 4. október ár hvert en fyrsta afborgun höfuðstóls fer fram 4. apríl 2020<br>Höfuðstóll skuldarinnar er bundin vísitölu neysluverðs til veðtryggingar (VNV), sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum nr. 12/1995, og breytist í hlutfalli við breytingar á vístölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.<br>*Uppgreiðsluheimild:*<br>Útgefanda er óheimilt að greiða upp skuldabréfin fyrir gjalddaga. Útgefanda er þó heimilt að kaupa skuldabréfin, í heild eða að hluta, á eftirmarkaði<br>*Endurgreiðslur:*<br>Lánasjóður sveitarfélaga ohf. annast útreikning á afborgunum og uppgjöri skuldabréfsins.<br>Skuldabréfin og vextir af þeim verða, fyrir milligöngu Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., greidd á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS-reikning hjá. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslu inn á bankareikning eigenda bréfanna.<br>*Upplýsingar um ávöxtun:*<br>Á árinu 2020 fram til útgáfu lýsingar þessarar hefur Lánasjóðurinn gefið út skuldabréf í flokknum LSS150434 að markaðsvirði 1.040 m.kr á ávöxtunarkröfunni 1,52%.<br>Enginn aðili er í fyrirsvari fyrir skuldabréfaeigendur. |
| C.10 | Ef vaxtagreiðslur af verðbréfunum byggjast á afleiðuþætti skal gefa | Á ekki við. |

| | | |
|---|---|---|
| | skilmerkilega útskýringu til að hjálpa fjárfestum að skilja hvernig virði undirliggjandi gernings eða gerninga hefur áhrif á virði fjárfestinga þeirra, einkum við aðstæður þar sem áhættan er augljós | |
| C.11 | Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku til viðskipta á verðbréfunum, sem eru boðin til kaups, á skipulegum verðbréfamarkaði eða öðrum sambærilega mörkuðum ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði | Sótt verður um að útgefin skuldabréf í flokki LSS040440 GB verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.<br>Ekki er áformað að óska eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á öðrum mörkuðum. |

## D. ÁHÆTTUÞÆTTIR

| Liður | Upplýsingakrafa | Upplýsingar |
|---|---|---|
| D.2 | Helstu áhættuþættir tengdir útgefanda | **Útlánaáhætta**<br>Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum.<br>Sveitarfélögin eru nú 72 talsins og eru 58 þeirra lántakendur hjá Lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögunum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei orðið tap á útláni frá því að lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967.<br>Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum í öllum langtímalánveitingum.<br>Farið er yfir lánsumsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál koma til kasta stjórnar, annaðhvort til ákvörðunar eða kynningar.<br>Þann 30. júní 2019 voru þrjár stórar áhættuskuldbindingar til staðar hjá Lánasjóðnum. Í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 233/2017 telst áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis vegna einstaks viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna vera stór áhættuskuldbinding ef hún nemur 10% eða meira af hæfu fjármagni að teknu tilliti til frádráttar. Hámarksáhætta, skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.<br>**Áhætta vegna samningsskuldbindinga**<br>Lánsjóðurinn er í eigu íslenskra sveitarfélaga, og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Lánasjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar Lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögunum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.<br>**Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta**<br>Varðandi vaxtaáhættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem Lánasjóðurinn getur breytt einhliða. |

| | | |
|---|---|---|
| | | Stefna Lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhættu er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af reglum Seðlabanka Íslands og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.<br>**Lausafjár- og fjármögnunaráhætta**<br>Lausafjáráhætta er hættan á að lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af eigin fé haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika.<br>**Rekstraráhætta**<br>Varðandi rekstraráhættu er stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvista skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu. Rekstur Lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir fremur einsleitir.<br>**Starfsmannaáhætta**<br>Lánasjóðurinn er í dag með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann fjárstýringar. Jafnframt hefur Lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmis konar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánasjóðsins og sambandsins.<br>**Lagaleg áhætta**<br>Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Lánasjóðurinn er ekki aðili að neinum dómsmálum.<br>**Eiginfjárstýring**<br>Markmið með stýringu á eigin fé samkvæmt áhættustýringarreglum sjóðsins er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að vega á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri sjóðsins. |
| D.3 | Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða verðbréfin sérstaklega. | **Endurgreiðsluáhætta**<br>Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétthá og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.<br>Í tengslum við útgáfu skuldabréfanna hefur Lánasjóðurinn ekki tekist á hendur frekari skyldur sem takmarka heimildir hans til frekari lántöku, þar með talið til töku lána sem eru jafnrétthá og skuldabréfin.<br>**Markaðs- og seljanleikaáhætta**<br>*Markaðsáhætta*: Fjárfesting í skuldabréfunum getur falið í sér vaxtaáhættu vegna þess að ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar getur það leitt til lækkunar á mati fjárfesta á verðmæti skuldabréfanna og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar getur það valdið því að fjárfestar hækka mat sitt á verðmæti skuldabréfanna.<br>*Seljanleikaáhætta eða lausafjáráhætta*: Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja skuldabréfin þegar fjárfestar vilja selja. Áhættan felst í skorti á framboði eða eftirspurn á markaðnum, þ.e. aðilar á markaði eru hvorki tilbúnir til að kaupa né selja það magn skuldabréfa, né á því verði sem til stendur að selja eða kaupa, t.d. ef kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.<br>*Uppgjörsáhætta*: Sú áhætta er til staðar að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með sama hætti og vænst var til vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.<br>*Vörsluáhætta*: Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörslufyrirtækis.<br>*Ytri aðstæður*: Ýmis atvik, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand, geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf, reglur eða |

| | | |
|---|---|---|
| | | reglugerðir sem stjórnvöld setja eða skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft áhrif á verðmat fjárfesta á skuldabréfunum.<br>**Áhætta tengd verðbólgutengingu bréfsins**<br>Við útgáfu skuldabréfsins liggur raunvirði þess fyrir. Nafnvirði hverrar greiðslu í framtíðinni veltur svo á breytingu á VNV (vísitala neysluverðs til verðtryggingar) frá útgáfudegi.<br>Samkvæmt verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands og birt er á vefsíðu bankans (https://www.sedlabanki.is/peningastefna/verdbolgumarkmid/) má sjá helstu þætti peningastefnunnar:<br>Markmið stefnunnar í peningamálum er stöðugt verðlag. Hinn 27. mars 2001 var tekið upp formlegt verðbólgumarkmið.<br>• Seðlabankinn stefnir að því að verðbólga, reiknuð sem árleg hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%.<br>• Víki verðbólga meira en ± 1½% frá settu marki ber bankanum að gera ríkisstjórninni grein fyrir ástæðu fráviksins, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hvenær hann telur að verðbólgumarkmiðinu verði náð að nýju. Greinargerðina skal birta opinberlega.<br>• Seðlabankinn birtir verðbólguspá a.m.k. tvö ár fram í tímann og gerir grein fyrir henni í Peningamálum.<br>Þar sem peningastefnan miðar að því að halda verðlagi stöðugu verður henni ekki beitt til þess að ná öðrum efnahagslegum markmiðum, svo sem jöfnuði í viðskiptum við útlönd eða mikilli atvinnu, nema að því marki sem slíkt samrýmist verðbólgumarkmiði bankans.<br>Þrátt fyrir söguleg gögn er sá möguleiki fyrir hendi að VNV lækki í framtíðinni sem kynni að orsakast af stöðnun íslenska hagkerfisins eða breytingu á peningastefnu. Þetta gæti valdið því að afborganir af skuldabréfinu verði lægri í framtíðinni að nafnvirði og kunna einnig að vera lægri að raunvirði sé miðað við sömu reiknuðu afborgun á útgáfudegi bréfsins. |

## E. TILBOÐ

| **Liður** | **Upplýsingakrafa** | **Upplýsingar** |
|---|---|---|
| E.2b | Ástæða útboðsins og notkun ágóðans | Tilgangur sölu skuldabréfanna er að afla fjár til endurlána til sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra. |
| E.3 | Skilmálar og skilyrði útboðsins | Útboð verður haldið í LSS040440 GB miðvikudaginn 19. febrúar 2020. Útboðið verður með hollenskri aðferð, þ.e. öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á hæstu ávöxtunarkröfu sem verður tekið í flokknum. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að taka eða afþakka hvaða tilboði sem er í heild eða að hluta. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði með sama hætti og tilboðum er skilað inn, sé það gert fyrir lok útboðsfrest. Útboðið er lokað og er einungis ætlað hæfum fjárfestum. Greiðslu- og uppgjörsdagur er fyrirhugaður miðvikudaginn 26. febrúar 2020. Útgefandi mun óska eftir töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. |
| E.4 | Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegum hagsmunum, sem skipta máli fyrir útgáfu/útboð. | Engir hagsmunaárekstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá stjórnarmönnum, varamönnum í stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.<br>Landsbankinn er ráðgjafi Lánasjóðsins í tengslum við útboðið og hefur umsjón með fyrirhugaðri töku LSS040440 GB til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og koma fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskipti bankans að verkefninu og hafa starfsmenn þeirra tekið þátt í undirbúningi lýsingar þeirrar er samantekt þessi byggir á. |
| E.7 | Kostnaður fjárfesta | Hvorki útgefandi, seljandi né umsjónaraðili munu leggja kostnað á fjárfesta vegna sölu bréfanna eða töku þeirra til viðskipta. |

**Lánasjóður sveitarfélaga ohf.**

# GRUNNLÝSING

## LSS040440 GB

**Febrúar 2020**

## EFNISYFIRLIT


1. Áhættuþættir ..... 2
   1.1 Endurgreiðsluáhætta ..... 2
   1.2 Markaðs- og seljanleikaáhætta ..... 2
   1.3 Sértæk áhætta í tengslum við útgáfu á grænum skuldabréfum ..... 2
   1.4 Áhætta tengd verðbólgutengingu bréfsins ..... 2
2 Ábyrgir aðilar ..... 4
   2.1 Útgefandi ..... 4
   2.2 Yfirlýsing útgefanda ..... 4
3 Tilkynning til fjárfesta ..... 4
4 Skjöl felld inn með tilvísun ..... 4
5 Upplýsingar ..... 4
   5.1 Upplýsingar um útgefanda ..... 4
   5.2 Samþykki skuldabréfaútgáfunnar ..... 5
   5.3 Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni ..... 5
   5.4 Tilgangur skuldabréfaútgáfunnar ..... 5
   5.5 Rafræn skráning ..... 5
   5.6 Endanlegir skilmálar ..... 5
   5.7 Ítarupplýsingar um skuldabréfin ..... 7
6 Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta ..... 9
   6.1 Skráning á markað ..... 9
   6.2 Útboð ..... 9
   6.3 Kostnaður við útgáfuna ..... 9

# 1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Í köflum 1.1 til og með 1.3 hér á eftir er vikið að áhættuþáttum sem skipta máli fyrir þau verðbréf sem grunnlýsing þessi nær til, svo meta megi markaðsáhættu sem tengist þeim. Kaup á skuldabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér efni grunnlýsingarinnar af kostgæfni. Fjárfestum er ennfremur ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með skuldabréf Lánasjóðsins. Fjárfestum er jafnframt bent á að leita sér nánari upplýsinga og ráðgjafar sérfræðinga ef þeir þarfnast ítarlegri útlistunar á áhættuþáttum.

Að mati útgefanda kunna eftirfarandi áhættuþættir að hafa mestu áhrif á getu hans til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfum þessum í flokki LSS040440 GB. Að mati útgefanda ríkir óvissa um þessa áhættuþætti og þá með hvaða hætti þeir kunni að hafa áhrif á útgefanda eða getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfum í skuldabréfaflokki þessum. Með því að tiltaka þessa áhættuþætti er útgefandi ekki að meta líkindi þess að þeir áhættuþættir sem tilteknir eru í grunnlýsingu þessari eigi sér stað eða ekki.

## 1.1 Endurgreiðsluáhætta

Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétthárar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.

Í tengslum við útgáfu skuldabréfanna hefur Lánasjóðurinn ekki tekist á hendur frekari skyldur sem takmarka heimildir hans til frekari lántöku, þar með talið til töku lána sem eru jafnrétthá og skuldabréfin.

## 1.2 Markaðs- og seljanleikaáhætta

*Markaðsáhætta*: Fjárfesting í skuldabréfunum getur falið í sér vaxtaáhættu vegna þess að ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar getur það leitt til lækkunar á mati fjárfesta á verðmæti skuldabréfanna og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar getur það valdið því að fjárfestar hækka mat sitt á verðmæti skuldabréfanna.

*Seljanleikaáhætta eða lausafjáráhætta*: Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja skuldabréfin þegar fjárfestar vilja selja. Áhættan felst í skorti á framboði eða eftirspurn á markaðnum, þ.e. aðilar á markaði eru hvorki tilbúnir til að kaupa né selja það magn skuldabréfa, né á því verði sem til stendur að selja eða kaupa, t.d. ef kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.

*Uppgjörsáhætta*: Sú áhætta er til staðar að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með sama hætti og vænst var til vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.

*Vörsluáhætta*: Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörslufyrirtækis.

*Ytri aðstæður*: Ýmis atvik, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand, geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja eða skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft áhrif á verðmat fjárfesta á skuldabréfunum

## 1.3 Sértæk áhætta í tengslum við útgáfu á grænum skuldabréfum

Græn skuldabréf eru þau skuldabréf sem eru gefin út í samræmi við Græna umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga (e. Green Bond Framework), eins og hún er á hverjum tíma. Græna umgjörðin er unnin í samræmi við alþjóðleg viðmið (e. The Green Bond Principles (GBP) 2018) Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði (e. International Capital Market Association eða „ICMA"), en við dagsetningu þessarar grunnlýsingar er engin fastmótuð lagaumgjörð í gildi í tengslum við útgáfur á grænum skuldabréfum. Græna umgjörðin getur tekið breytingum, en breytingar sem kunna að verða á umgjörðinni hafa ekki áhrif á áður útgefin skuldabréf, heldur eiga eingöngu við um skuldabréf sem gefin eru út eftir slíkar breytingar. Breytingar á grænu umgjörðinni veita skuldabréfaeigendum ekki gjaldfellingarheimild eða önnur réttindi, jafnvel þótt viðkomandi skuldabréf flokkist ekki sem græn eftir breytingar á umgjörðinni. Nánari umfjöllun um Græna umgjörð lánasjóðsins má finna í kaflanum „Skjöl til sýnis". Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel Græna umgjörð Lánasjóðsins og skilmála grænna skuldabréfa útgefin af Lánasjóðnum áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í slíkum skuldabréfum.

## 1.4 Áhætta tengd verðbólgutengingu bréfsins

Við útgáfu skuldabréfsins liggur raunvirði þess fyrir. Nafnvirði hverrar greiðslu í framtíðinni veltur svo á breytingu á VNV (vísitala neysluverðs til verðtryggingar) frá útgáfudegi.

Hér má sjá þróun VNV frá árinu 2010:

| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Janúar | 356,8 | 363,4 | 387,1 | 403,3 | 415,9 | 419,3 | 428,3 | 436,5 | 446,8 | 462,0 |
| Febrúar | 360,9 | 367,7 | 391,0 | 409,9 | 418,7 | 422,1 | 431,2 | 439,6 | 449,5 | 462,9 |
| Mars | 362,9 | 371,2 | 395,1 | 410,7 | 419,7 | 426,4 | 432,8 | 439,9 | 452,0 | 465,3 |
| Apríl | 363,8 | 374,1 | 398,2 | 411,5 | 421,0 | 427,0 | 433,7 | 442,1 | 452,2 | 467,0 |
| Maí | 365,3 | 377,6 | 398,1 | 411,3 | 421,3 | 428,2 | 435,5 | 443,0 | 451,8 | 468,0 |
| Júní | 364,1 | 379,5 | 400,1 | 413,5 | 422,8 | 429,3 | 436,3 | 443,0 | 454,6 | 469,8 |
| Júlí | 361,7 | 379,9 | 397,2 | 412,4 | 422,1 | 430,0 | 434,9 | 442,9 | 454,8 | 468,8 |
| Ágúst | 362,6 | 380,9 | 396,6 | 413,8 | 423,1 | 432,3 | 436,4 | 444,0 | 455,7 | 470,1 |
| September | 362,6 | 383,3 | 399,6 | 415,2 | 422,6 | 430,6 | 438,5 | 444,6 | 456,8 | 470,5 |
| Október | 365,3 | 384,6 | 400,7 | 415,2 | 423,2 | 430,9 | 438,5 | 446,7 | 459,4 | 472,2 |
| Nóvember | 365,5 | 384,6 | 402,0 | 416,7 | 421,0 | 429,4 | 438,4 | 446,0 | 460,5 | 472,8 |
| Desember | 366,7 | 386,0 | 402,2 | 418,9 | 422,3 | 430,8 | 439 | 447,2 | 463,9 | 473,3 |

*Heimild: Hagstofa Íslands (http://www.hagstofa.is). Engum staðreyndum hefur verið sleppt sem gera myndu upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi.*

Hér má sjá 12 mánaða verðbólguþróun (í prósentum) frá árinu 2010:

| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Janúar | 6,6% | 1,8% | 6,5% | 4,2% | 3,1% | 0,8% | 2,1% | 1,9% | 2,4% | 3,4% |
| Febrúar | 7,3% | 1,9% | 6,3% | 4,8% | 2,1% | 0,8% | 2,2% | 1,9% | 2,3% | 3,0% |
| Mars | 8,5% | 2,3% | 6,4% | 3,9% | 2,2% | 1,6% | 1,5% | 1,6% | 2,8% | 2,9% |
| Apríl | 8,3% | 2,8% | 6,4% | 3,3% | 2,3% | 1,4% | 1,6% | 1,9% | 2,3% | 3,3% |
| Maí | 7,5% | 3,4% | 5,4% | 3,3% | 2,4% | 1,6% | 1,7% | 1,7% | 2,0% | 3,6% |
| Júní | 5,7% | 4,2% | 5,4% | 3,3% | 2,2% | 1,5% | 1,6% | 1,5% | 2,6% | 3,3% |
| Júlí | 4,8% | 5,0% | 4,6% | 3,8% | 2,4% | 1,9% | 1,1% | 1,8% | 2,7% | 3,1% |
| Ágúst | 4,5% | 5,0% | 4,1% | 4,3% | 2,2% | 2,2% | 0,9% | 1,7% | 2,6% | 3,2% |
| September | 3,7% | 5,7% | 4,3% | 3,9% | 1,8% | 1,9% | 1,8% | 1,4% | 2,7% | 3,0% |
| Október | 3,3% | 5,3% | 4,2% | 3,6% | 1,9% | 1,8% | 1,8% | 1,9% | 2,8% | 2,8% |
| Nóvember | 2,6% | 5,2% | 4,5% | 3,7% | 1,0% | 2,0% | 2,1% | 1,7% | 3,3% | 2,7% |
| Desember | 2,5% | 5,3% | 4,2% | 4,2% | 0,8% | 2,0% | 1,9% | 1,9% | 3,7% | 2,0% |

*Heimild: Hagstofa Íslands (http://www.hagstofa.is). Engum staðreyndum hefur verið sleppt sem gera myndu upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi.*

Samkvæmt verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands og birt er á vefsíðu bankans (http://www.sedlabanki.is/?PageID=58) má sjá helstu þætti peningastefnunnar:

Markmið stefnunnar í peningamálum er stöðugt verðlag. Hinn 27. mars 2001 var tekið upp formlegt verðbólgumarkmið.

- Seðlabankinn stefnir að því að verðbólga, reiknuð sem árleg hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%.
- Víki verðbólga meira en ± 1½% frá settu marki ber bankanum að gera ríkisstjórninni grein fyrir ástæðu fráviksins, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hvenær hann telur að verðbólgumarkmiðinu verði náð að nýju. Greinargerðina skal birta opinberlega.
- Seðlabankinn birtir verðbólguspá a.m.k. tvö ár fram í tímann og gerir grein fyrir henni í Peningamálum.

Þar sem peningastefnan miðar að því að halda verðlagi stöðugu verður henni ekki beitt til þess að ná öðrum efnahagslegum markmiðum, svo sem jöfnuði í viðskiptum við útlönd eða mikilli atvinnu, nema að því marki sem slíkt samrýmist verðbólgumarkmiði bankans.

Þrátt fyrir söguleg gögn er sá möguleiki fyrir hendi að VNV lækki í framtíðinni sem kynni að orsakast af stöðnun íslenska hagkerfisins eða breytingu á peningastefnu. Þetta gæti valdið því að afborganir af skuldabréfinu verði lægri í framtíðinni að nafnvirði og kunna einnig að vera lægri að raunvirði sé miðað við sömu reiknuðu afborgun á útgáfudegi bréfsins.

## 2 ÁBYRGIR AÐILAR

### 2.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

### 2.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem grunnlýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfa Lánasjóðsins í flokki LSS040440 GB til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Reykjavík, 14. febrúar 2020
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

| Fyrir hönd stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. | Fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. |
|---|---|
| Kristinn Jónasson<br>stjórnarformaður | Óttar Guðjónsson<br>framkvæmdastjóri |

## 3 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Grunnlýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum vegna fyrirhugaðrar töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. í flokki LSS040440 GB til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og koma skulu fram í grunnlýsingu og endanlegum skilmálum skv. IV og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Tilgangurinn er m.a. að koma á framfæri þeim upplýsingum sem áskildar eru skv. reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga í Nasdaq Iceland hf. og fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í skuldabréfum sem fyrirhugað er að sækja um töku til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. á grundvelli grunnlýsingar þessarar og endanlegum skilmálum skuldabréfanna sem verða útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Um útgáfu og töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til viðskipta fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og lög nr. 110/2007 um kauphallir. Í grunnlýsingunni vísa „sjóðurinn" og „Lánasjóðurinn" til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Ekki er áformað að óska eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á öðrum mörkuðum.

Ekki er heimilt að dreifa grunnlýsingunni til landa þar sem slík dreifing er ólögleg eða brýtur í bága við reglur hjá opinberum eftirlitsaðilum í viðkomandi landi.

Fjármálaeftirlitið hefur staðfest þessa grunnlýsingu.

## 4 SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN

Útgefandalýsing Lánasjóðs sveitarfélaga ohf, dagsett 14. febrúar 2020 og birt samhliða lýsingu þessari er hér með felld inn í grunnlýsingu þessa með tilvísun. Útgefandalýsinguna má nálgast hjá útgefanda að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, eða á vefsíðu hans: https://www.lanasjodur.is/fjarfestar/fjarmognun/ á meðan grunnlýsing þessi er í gildi.

## 5 UPPLÝSINGAR

### 5.1 Upplýsingar um útgefanda

Útgefandi heitir Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100. Skráningarstaður útgefanda er Reykjavík, Ísland. Lögheimili útgefanda er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Ísland. Sími á skrifstofu félagsins er (+354) 515-4900, slóð vefsíðu félagsins er www.lanasjodur.is og almennt netfang er lanasjodur@lanasjodur.is. Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum árið 1966.

Með lögum nr. 150/2006 var Lánasjóðurinn gerður að opinberu hlutafélagi og var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007. Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í 3. gr. samþykkta Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kemur fram að tilgangur félagsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé til verkefna, sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, á hagstæðum kjörum, svo og önnur fjármálaþjónusta við sveitarfélög og önnur starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við megintilgang félagsins. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart félaginu.

## 5.2 Samþykki skuldabréfaútgáfunnar

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. heimilaði á fundi sínum þann 26. nóvember 2019 útgáfu skuldabréfa í skuldabréfaflokknum LSS040440 GB sem næmu allt að 25.000.000.000 ISK að nafnvirði. Stefna stjórnarinnar er að auka við þessa heimild á næstu árum ef eftirspurn eftir skuldabréfunum gefur tilefni til og að afla fjár til endurlána til sveitarfélaga á næstu árum.

Fyrsta útboð í þessum flokki er fyrirhugað á fyrsta ársfjórðungi 2020 en þá verða bréfin gefin út í fyrsta sinn. Ráðgert er að halda regluleg útboð í þessum flokki skuldabréfa en útgáfuáætlun Lánasjóðsins fyrir árið 2020 var birt opinberlega í desember 2019.

## 5.3 Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni

Engir hagsmunaárekstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá stjórnarmönnum, varamönnum í stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Landsbankinn er ráðgjafi Lánasjóðsins í tengslum við útboðið og hefur umsjón með fyrirhugaðri töku LSS040440 GB til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og koma fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskipti bankans að verkefninu og hafa starfsmenn þeirra tekið þátt í undirbúningi lýsingar þeirrar er samantekt þessi byggir á.

## 5.4 Tilgangur skuldabréfaútgáfunnar

Skuldabréfin eru gefin út sem „græn skuldabréf" í þeim tilgangi að fjármagna verkefni sveitarfélaga sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið og sporna gegn loftslagsbreytingum enda falla verkefnin undir Græna umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga um græn skuldabréf. Umgjörðin er aðgengileg fjárfestum á heimsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga, https://www.lanasjodur.is/graen og á skrifstofu Lánasjóðsins á skrifstofutíma.

Einnig mun Lánasjóðurinn eftir þörfum gefa út skuldabréf umfram eftirspurn í útboði í þeim tilgangi að veita viðskiptavökum sjóðsins aðgang að lánsbréfum sem styður við aukinn seljanleika bréfanna og eflir verðmyndun á markaði.

## 5.5 Rafræn skráning

Skuldabréf þessi eru nafnbréf og hafa verið tekin til rafrænnar skráningar hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, í samræmi við lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

## 5.6 Endanlegir skilmálar

### VIÐEIGANDI ENDANLEGIR SKILMÁLAR

*[Hér að neðan er form endanlegra skilmála sem verður útfyllt fyrir hvern útgáfuhluta skuldaskjala sem gefinn verður út innan skuldabréfaflokksins]*

*[Dags]*

**Lánasjóður sveitarfélaga ohf.**

Útgáfa á *[samtals útgefið nafnverð útgáfuhluta]* í skuldabréfaflokknum LSS040440 GB

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri [•], skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dagsettri [•] *[ef við á: viðauka dags. [•]]* og endanlegum skilmálum dagsettum [•]. Fyrrgreind skjöl má nálgast á starfsstöð útgefanda og á vefsíðu hans, sem er: www.lanasjodur.is

| | |
|---|---|
| **Útgefandi** | Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. |
| **Ábyrgð útgefanda** | Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt |

| | |
|---|---|
| | og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétthá og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda. |
| **Auðkenni** | LSS040440 GB. |
| **ISIN númer** | IS0000031664. |
| **Tilgreind mynt** | ISK. |
| **Nafnverð seldra bréfa** | ISK [•]. |
| **Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð)** | [•] |
| **Áður útgefið** | ISK [•]. |
| **Stærð flokks skv. núgildandi heimild** | ISK [•] að nafnvirði. |
| **Dagaregla** | 30E/360. |
| **Nafnverðseiningar** | ISK 1. |
| **Útgáfudagur** | [•] |
| **Fyrsti vaxtadagur** | 17. febrúar 2020. |
| **Tegund bréfs** | Verðtryggt jafngreiðslubréf. |
| **Vextir** | 1,50% fastir verðtryggðir ársvextir. |
| **Tíðni afborganna og vaxta** | Tvisvar á ári, 4. apríl og 4. október ár hvert. |
| **Fyrsta vaxtagreiðsla** | 4. apríl 2020. |
| **Fyrsta afborgun höfuðstóls** | 4. apríl 2020. |
| **Fjöldi vaxtagreiðslna** | 41. |
| **Fjöldi afborgana** | 41. |
| **Lokagjalddagi** | 4. apríl 2040. |
| **Verðtrygging og grunnvísitala** | Skuldabréf þetta er bundið dagvísitölu vísitölu neysluverðs (daglegt verðbólgugildi) til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala bréfanna er 471,43333 (VNV 17. febrúar 2020). |
| **Ávöxtun á söludegi** | Ávöxtunarkrafa dags. [•] var [•] og sölugengi [•]. |
| **Útreikningur ávöxtunar** | Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins til lokagjalddaga sé jafnt söluverðinu (ávöxtunarkrafa til lokagjalddaga). |
| **Taka til viðskipta** | Sótt hefur verið um að skuldbréf að fjárhæð [•] að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann [•]. |
| **Uppgreiðsluheimild** | Útgefanda er ekki heimilt að greiða upp (innkalla) hluta skuldabréfanna fyrir lokagjalddaga þeirra. |
| **Uppgreiðsludagar** | Engir. |
| **Uppgreiðsluálag** | Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum. |

| | |
|---|---|
| **Víkjandi ákvæði** | Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum. |
| **Hlunnindi** | Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum. |
| **Verðbréfamiðstöð** | Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., Laugavegi 182, Reykjavík. |

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu [•]. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er Landsbankinn hf.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur [•%] af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. sem nemur [•%] af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK [•] fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. [Auk þess greiðir Lánasjóðurinn Fjármálaeftirlitinu ISK [•] fyrir athugun og staðfestingu á lýsingu.] Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK [•]. Að auki greiðir Lánasjóðurinn árlegt fast gjald ISK [•] fyrir að skuldabréfaflokkurinn sé í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. ásamt árlegu markaðstengdu gjaldi sem nemur [•%] af markaðsvirði skuldabréfaflokksins hverju sinni.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK [•]. Að frádreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar [•].

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann [•]:

______________________________

sem hefur til þess fullt umboð

## 5.7 Ítarupplýsingar um skuldabréfin

| | |
|---|---|
| **Endurgreiðslur** | Skuldabréfin og vextir af þeim verða, fyrir milligöngu Nasdaq Verðbréfamiðstöðvar hf., greidd á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa vörslureikning hjá. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslu inn á bankareikning eigenda bréfanna. |
| **Réttindadagur** | Réttindadagur er einum bankadegi fyrir greiðsludag vaxta og höfuðstóls og ákvarðast af eigendaskráningu hjá verðbréfamiðstöð að loknu síðasta reglubundna uppgjöri hjá henni á þeim degi. |
| **Umsjónaraðili útreiknings** | Lánasjóður sveitarfélaga ohf. annast útreikning á afborgunum og uppgjöri skuldabréfsins. |
| **Nafnvextir** | Af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma greiðast 1,50% fastir verðtryggðir ársvextir, sem reiknast frá 17. febrúar 2020. Vaxtagjalddagar eru tvisvar á ári 4. apríl og 4. október ár hvert. Ef vaxtagreiðsludagar eru helgidagar eða annar frídagur færist greiðsla vaxta til næsta virka dags á eftir en vaxtatímabilið helst óbreytt. |
| **Dagaregla** | Dagaregla við útreikning á virði bréfs og áfallinna vaxta miðast við 30E/360, og verður ISDA aðferð notuð til útreiknings sem miðast við 360 daga ár sem skiptist í tólf 30 daga tímabil. |
| **Viðmiðunarvísitala** | Skuld þessi er bundin vísitölu neysluverðs til veðtryggingar (VNV), sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum nr. 12/1995. |
| **Verðtryggingaraðferð** | Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vístölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. |

**Verðbótastuðull**

Fjöldi aukastafa í verðbótastuðli (IR) er sá sami og gildir fyrir viðmiðunarvísitöluna.

$$Verðbótastuðull = \frac{Dagvísitala_{uppgjörsdags}}{Grunnvísitala}$$

**Grunnvísitala**

471,43333 (VNV 17. febrúar 2020)

**Daglegt verðbólgugildi**

Daglegt verðbólgugildi (dagvísitala vísitölu neyslu) reiknast línulega samkvæmt eftirfarandi reiknireglu: Viðmiðunartala fyrir fyrsta daginn í mánuði *m* er vísitala neysluverðs fyrir mánuðinn *m-2;* til dæmis er viðmiðunartalan fyrir 1. apríl vísitala neysluverðs fyrir febrúarmánuð. Viðmiðunin fyrir einhvern annan dag í mánuði *m* reiknast línulega milli vísitölu neysluverðs fyrir mánuðinn *m-2* og vísitölu neysluverðs fyrir mánuðinn *m-1,* samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:

$$Daglegt\ verðbólgugildi = VNV_{m-2} + \left[\frac{d-1}{30} \times (VNV_{m-1} - VNV_{m-2})\right]$$

Þar sem
$VNV_{m-1}$ er vísitala neysluverðs fyrir fyrsta daginn í mánuði *m-1,*
$VNV_{m-2}$ er vísitala neysluverðs fyrir fyrsta daginn í mánuði *m-2,*
*d* er mánaðardagur uppgjörs.

**Námundun**

Dagleg verðbólguviðmiðun, þ.m.t. grunnvísitalan, námundast með fimm aukastöfum. Sama regla gildir um verðbótastuðulinn. Þegar áfallnir vextir eru reiknaðir út frá hreinu verði eru sex aukastafir notaðir.

**Útreikningur afborgana: Afborgun höfuðstóls**

Á hverjum gjalddaga skal reikna afborgun af höfuðstól miðað við eftirfarandi formúlu:

$$A = \frac{d}{n} \times IR$$

þar sem :

A = Fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstólsins

d = Höfuðstóll skuldabréfsins

n = Heildarfjöldi afborgana af skuldabréfinu

IR = Verðbótastuðull

**Uppgreiðsluheimild**

Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.

**Fyrningarákvæði**

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fyrnast í samræmi við lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Samkvæmt 5. gr. laganna fyrnast afborganir af höfuðstól á 10 árum frá gjalddaga, en kröfur um vexti og verðbætur fyrnast á 4 árum frá gjalddaga.

**Viðtökudráttur og vanskil**

Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð samkvæmt framanrituðu.

Þegar skuldin er í gjalddaga fallin skv. framansögðu má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengis dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.

**Framsal**

Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila. Skuldabréfin eru rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. og þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Nasdaq verðbéfamiðstöð.

**Skattamál**

Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um

| | |
|---|---|
| | staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum. |
| **Stimpilgjaldaskylda** | Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi, sbr. 115. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. |
| **Meðferð ágreinings** | Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. |

# 6 SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA

## 6.1 Skráning á markað

Skuldabréf í flokknum verða skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf.

## 6.2 Útboð

Sala skuldabréfa LSS040440 GB til hæfra fjárfesta mun fara fram í lokuðu útboði. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að breyta fyrirkomulagi á sölu á skuldabréfunum þegar það á við. Einnig áskilur Lánasjóðurinn sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er, í heild eða að hluta, eða hafna þeim öllum.

Áætlað er að fyrsta útboð í þessum flokki verði á fyrsta ársfjórðungi ársins 2020 og verður niðurstaða útboðsins tilkynnt í fréttakerfi kauphallar Nasdaq Iceland hf.

Áætlað er að halda fleiri útboð í þessum flokki skuldabréfa og hefur útgáfuáætlun Lánasjóðsins fyrir árið 2020 verið birt opinberlega. Hægt er að nálgast útgáfuáætlunina á skrifstofu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, og á vefsíðu sjóðsins http://www.lanasjodur.is.

## 6.3 Kostnaður við útgáfuna

Söluþóknun vegna sölu á skuldabréfunum til endanlegra fjárfesta er ákveðið sem hlutfall af söluverði bréfanna. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald til Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. sem er hlutfall af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. ásamt árlegu föstu gjaldi og árlegu markaðstengdu gjaldi sem er hlutfall af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni.

# 7 SKJÖL TIL SÝNIS

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér Græna umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga en hana má nálgast hjá útgefanda að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, eða á vefsíðu hans https://www.lanasjodur.is/graen